MORGUNBLAÐID MIÐVIKUDAGUR 19. JÚLÍ 2000 2 7

LISTIR

ik V\ é

•»L-—6*-— pt- W^ Vw^-

m.

Fyrir framan Gamla Þinghúsið á Svalbarðsströnd: Níels Hafstein og
Magnhildur Sigurðardóttir ásamt tíkinni Buddu og steinsteyptum stytt-um eftir Ragnar Bjarnason trésmið og myndhöggvara í Reykjavík.

- Hvað er Safna.sa.fn ?
„Safnasafnið er safn margra lítilla
safna. Þar eru til sýnis alþýðulista-
verk og sérsöfn eins og brúðurj
hannyrðir og eldspýtustokkar. I
hverju safni eru frá tuttugu hlutum
upp í þúsundir hluta.
Auk þess starfrækjum við gallerí í
Safnasafninu. Við bjóðum mynd-
listarmönnum að sýna þar verk sín.
Einn mánuð í senn. Oftast tengjast
verkin menningarheimi alþýðulista-
mannsins á einhvern hátt."

- Hvernig kom það til að þið tókuð
ykkur upp af Freyjugötunni í
Reykjavík og fóruð að reka safn á
Svalbarðsströnd norður í Eyjafírði?
„Við bjuggum í þokkalega stórri
íbúð í Reykjavík en söfnin voru farin
að fylla alla skápa hjá okkur og
teygja sig fram á gang, niður i kjall-
ara og út í alla glugga. Fólk var farið
að banka á dyrnar og spyrja: „Er
búð hér eða er þetta safn?" Okunn-
ugir voru farnir að óska eftir að sjá
safnið og jafnvel skipuleggja hóp-
ferðir á heimili okkar.

Við höfðum lengi haft opin augun
fyrir alþýðulist og söfnuðum henni.
Við tókum að sækja sýningar á
handavinnu aldraðra í úthverfunum
eða einhverjar furðulegar sýningar
sem við heyrðum af frekar en að
fara á myndlistarsýningar.
Hlutirnir heima hjá okkur voru
farnir að skipta þúsundum og ljóst
að við yrðum að fá húsnæði undir
safnið.

Við leítuðum til Reykjavíkurborg-
ar en mættum tómlæti þótt list al-
þýðunnar réði þar ríkjum. Þá fórum
við að hugsa hvort við yrðum ekki
bara að flytja búferlum og taka safn-
ið með okkur. Það er ekki hægt að
reka svona safn nema búa annað-
hvort i því eða alveg við hliðina á þvi
og vera í kallfæri. Þegar við sáum
Gamla þinghúsið á Svalbarðseyri
auglýst til sölu urðum við sammála
um að kaupa það og flytja út á land.
Við yrðum brátt miðaldra og nú
væri bara að hrökkva eða stökkva.
Magnhildur var í góðu starfi og því
var miklu meira átak fyrir hana að
flytja norður heldur en mig sem er
einfari. Mér fannst kominn tími til
að fara úr Reykjavík. En við höfðum
engin tengsl við Eyjafjörð. Hvorki
ættartengsl eða tilfinningatengsl."

- Unglingurinn, sonur ykkar, hef-
ur verið tilbúinn að fara líka ?
„Já, já. Honum fannst þetta
spennandi og við kunnum öll ákaf-
lega vel við okkur."
- Eruð þið Magnhildur bæði safn-
arar?

„Við gætum ekki dregið andann
án þess að safna einhverju. En við
söfnum ekki öllu heldur veljum úr
því sem okkur býðst og leitum eftir
hlutum sem við höfum áhuga á að
eignast."
- Er áhugi ykkar sem safnarar á
sama sviði?
„Já, alveg nákvæmlega. Þegar við
tókum saman höfðum við safnað
hlutum eftir sama manninn, Þor-

Ljósmynd/Ásta Ólafsdóttir

Á efri hæð hússins eru m.a. útsagaðar tréstyttur eftir Egil Ólaf Guðmundsson, Guðjón R. Sigurðsson og Svövu
Skúladóttur.

„Gætum ekki dregið
andann án þess að
safna einhverju"

Níels Hafstein myndlistarmaður og Magnhildur Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur reka Safnasafn í Gamla þinghúsinu á Sval-
7

barðsströnd. A sumrin kemur þangað fj'öldi íslenskra og erlendra

ferðamanna til að skoða það sem þar er til sýnis. Ásta Ólafsdóttir fékk Níels í viðtal þegar hann kom til Reykjavíkur í byrjun sumars.
stein heitinn Díómedesson. Þetta
eru tálgaðir fuglar og málaðir þann-
ig að það er dálítið stutt á milli augn-
anna. Þeir eru allir rangeygðir, syfj-
aðir og elskulegir. Eg lagði um
25-30 fugla í búið og hún nokkuð
fleiri. Samtals voru þetta hátt í 70
stykki sem flugu þarna saman inni í
skáp hjá okkur."
- Hverju safniðþið?
„Því sem verður útundan eða hef-
ur verið sniðgengið og er ekki viður-
kennd list eða hámenningarlist held-
ur sjálfsprottið. Við leitum fanga þar
sem hjartað slær, þar sem menn
koma til dyranna eins og þeir eru
klæddir. Þetta er alþýðulist og henni
má í grófum dráttum skipta í fjóra
hópa: I fyrsta lagi það sem er mjög
stíft, barnslegt, stundum skrautlegt
og segir enga sögu, er ekki í tengsl-
um við neitt nema manninn. I öðru
lagi verk sem lýsa athöfnum svo sem
gömlum vinnuaðferðum. Þau eru
full af fortíðarþrá eða rómantík. I
þriðja lagi verk eftir afburða hand-
verksmenn þegar á bak við smáatr-
iðin og fíneríið glitrar á eitthvað sem
grípur mann og hrífur.

I fjórða flokknum eru verk eftir
fólk sem er veikt á geði, utanveltu-
fólk eða afbrotamenn, stundum bit-
urt og reitt en fær tilfinningalega út-
rás við að skapa. Þetta er kölluð
„Art Brut" á erlendum tungumál-
um. Verk þessa hóps geta verið
ásækin, ruddaleg og einhvern veg-
inn logandi.
Það er fyrirhafnarleysið við sköp-
un þessara verka sem heillar okkur.
Þau þurfa ekki að hafa listsögulegt
gildi eða styðjast við fagurfræðilega
reynslu. Gildi verkanna felst í þvi
hvað þau eru nákomin manninum
sjálfum. Þau eru partur af sjálfs-
mynd hans".
- Hvað gerist þegar maður kem ur í
Safnasafnið? Hvernig er tekið á
mótigestum?
„Á hlaðinu standa steyptar hðgg-
myndir eftir Ragnar heitinn Bjarna-

Maður og kona gerð af Guðjóni R. Sigurðssyni.

son frá Öndverðarnesi í Grímsnesi.
Það er móttökunefndin ásamt mér.
Fullorðnir borga 300 krónur í að-
gangseyri og fá ágæta sýningar-
skrá. Fólk spyr mikið og ég segi
fólki sögur af hlutunum ef tími er til.
Þegar gengið er í gegnum and-

dyrið er komið að safni af dúkkum í
þjóðbúningum. Brúðumar hafa
komið til landsins í farangri margra
karlmanna sem hafa gefið þær
dætrum sínum og barnabörnum. ís-
lenskir sjómenn og heimshorna-
flakkarar eru mestu dúkkuinnflytj-

endur landsins. Þegar þeir koma í
Safnasafnið reka þeir oft upp stór
augu og þekkja dúkkurnar. Við sýn-
um um 400 brúður en eigum um 800
samtals. I næsta herbergi fyrir inn-
an eru blýantsteikningar eftir Har-
ald Sigurðsson sem var leigubíl-
stjóri í Reykjavík. Þar er líka
samsýning sem heitir „Borð, stóll og
stigi". I henni taka þátt bæði börn,
handverksfólk og listamenn. Á efri
hæð hússins eru málverk eftir Valdi-
mar Bjarnfreðsson í Reykjavík,
skálar eftir Báru Sævaldsdóttur,
fyrrverandi húsfreyju á Svalbarðs-
strönd, qg útsagaðar tréstyttur eftir
Egil Olaf Guðmundsson frá
Hvammstanga, Guðjón R. Sigurðs-
son frá Fagurhólsmýri og Svövu
Skúladóttur í Reykjavík.
Nú er sýning í galleríinu á verkum
eftir Valgerði . Guðlaugsdóttur
myndlistarkonu. í ágúst mun síðan
Harpa Björnsdóttir sýna brons-
skúlptúra hjá okkur."
- Hvermghafa Svalbarðsstrandar-
menn tekið ykkur og safninu?
„Þeir tóku okkur mjög vel og eru
boðnir og búnir til að aðstoða okkur.
Allt virkilega yndislegt fólk."
- Er ástæða til þess að hvetja fólk
til þess að skapa og búa til eitthvað
og hvernig er best að gera það?
„Já, það er alveg nauðsynlegt því
það að skapa gerir öllum gott. Á
safninu heyrir maður fólk sem hefur
orðið mjög hrifið verða á orði: „Mik-
ið er þetta skemmtilegt. paman
væri að gera eitthvað svona. Eg held
ég fari bara heim og finni mér eitt-
hvað dót í geymslunni til að búa til
úr." Þannig held ég að heimsókn á
safnið virki hvetjandi á aðra til að
skapa.
Alþýðulistamenn hafa oft og tíð-
um ekki fengið nokkra hvatningu við
listiðkun sína. Það er algengt að fólk
bara skilji ekki þessa þrá til að búa
eitthvað til. Stundum er jafnvel
reynt að breyta því sem alþýðulista-
menn eru að gera.
Björn heitinn Guðmundsson frá
Laufási í Víðidal hafði alltaf haft
þann draum þegar hann var ungur
að læra til trésmiðs en það var ekki
hægt og hann gerðist bóndi. Þegar
hann var kominn á aldur hætti hann
að búa og flutti á dvalarheimilið á
Hvammstanga og keypti sér lítinn
torfbæ sem var þarna beint á móti.
Þar fór hann að saga út karla. Einu
sinni þegar ég var að spjalla við
hann sagði hann við mig: „Hvað
finnst þér um þetta, Níels? Þær eru
að koma hér til mín, konurnar í
kvenfélaginu, og kaupa eina og eina
styttu en þeim finnst þær svo dauf-
ar. Þær segja að ég eigi að mála þær
í skrautlegum litum." Þá sagði ég við
hann: „Þú skalt vinna þitt verk og
ekki hlusta á aðra. Ef þú vilt liti þá
velur þú það sjálfur."

„Óskaplega er ég feginn að heyra
þetta," sagði hann og hélt áfram að
gera sína karla eins og hann vildi
hafa þá. Hann hélt sínu striki. Eins
er með okkur á Safnasafninu."